




**ORKUSTOFNUN**

Vatnsendi við Elliðavatn. Vatnsvernd í  
deiliskipulagi

**Freysteinn Sigurðsson**

**Greinargerð FS-92-06**



VATNSENDI VIÐ ELLIÐAVATN  
Vatnsvernd í deiliskipulagi

**Umfjöllunarefni:**

Greinargerð þessi er tekin saman að tilefni bréfs frá Skipulagi ríkisins (Sigurður Thoroddsen) til Bæjarskipulags Kópavogs, dagsettu 21.08.1992. Þar er fjallað um staðfestingu deiliskipulags vegna fyrirhugaðrar byggðar á Vatnsenda og þann fyrirvara, að fullnægt sé vatnsverndarskil-málum í vatnsverndarskipulagi af Höfuðborgarsvæðinu, sem staðfest var 03.02.1982.

**Grunnvatnsaðstæður:**

Veitt hefur verið umsögn um hættu á grunnvatnsmengun frá Vatnsendabyggð (Greinargerð Orkustofnunar FS-90/04) að beiðni Bæjarskipulags Kópavogs í ágúst 1990. Þar kemur fram, að líkur séu á, að grunnvatnsstreymi frá svæðinu sé á mörkum þess að koma fram í vatnsbóli Garðabæjar í Dýjakrókum. Það sé þó ekki með öllu útlokað. Einhverjar líkur séu á rennsli til Elliðavatns, en verulegar líkur séu á að grunnvatn frá svæðinu berist niður í Elliðaárdal.

Þessi mynd hefur ekki breyst verulega síðan þá. Að vísu er nú í vinnslu vatnajarðfræðikort (grunnvatnskort) í mælikvarða 1:25.000 á Orkustofnun en á vegum sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður þeirrar kortlagningar virðast styðja hina fyrri hugmynd í meginatriðum.

**Vatnsverndarskipulag:**

Samkvæmt Vatnsverndarskipulaginu frá 1982 er umrætt byggingarsvæði í 4. flokki, en ekki er nein sérstök vernd á svæðinu í Elliðaárdal. Um þennan 4. flokk segir það eitt, að þau svæði skuli háð eftirliti. Þetta vatnsverndarskipulag er enn í gildi á Höfuðborgarsvæðinu, en síðan það var staðfest hefur orðið veruleg þróun í vitnesku um grunnvatn og áherslum á grunnvatnsvernd. Má þar m.a. vísa til Svæðisskipulags Suðurnesja 1987 - 2007. Almennt er þar vernd grunnvatns gefið mun meira vægi en áður var. Einnig koma æ sterkar til verndarsjónarmið vegna lífríkis. Alltaf verður einhver mengun frá íbúabyggð og verður því að gera ráð fyrir því, að grunnvatnsstraumar frá byggðarsvæðum séu mengaðir, eða geti verið mengaðir.

Hér er því einkum á tvennt að líta:

- 1) Lífríki í Elliðárdal gæti stafað einhver hætta af grunnvatni frá Vatnsendabyggð. Hér verður ekki að svo stöddu kveðið á, hversu mikil sú hætta er, en hafa verður í huga verndunarsjónarmið vegna þessarar hættu. Einhver hætta er einnig á mengun á Elliðavatni.
- 2) Komi á næstunni til endurskoðunar á vatnsverndarskipulagi á Höfuðborgarsvæðinu, má búast við mun harðari verndunarkröfum en nú eru gerðar. Á er þó að líta, að vatnsvernd er nú einungis ætlað að ná til þeirra svæða, þar sem vatn er verðmætt eða þýðingarmikið á annan hátt. Þar við bætist svo vatnsvernd vegna lífríkis og umhverfis.

**Niðurstöður:**

Niðurstöður þessarar umfjöllunar má draga saman sem hér segir:

- Samkvæmt gildandi vatnsverndarskipulagi skal fyrirhugað byggðarsvæði við Vatnsenda vera háð eftirliti, hvað grunnvatnsástand og mengun varðar. Þörf á slíku eftirliti þarf að

skilgreina nánar og þá eins í hverju það fælist.

- Svæðið er ekki þýðingarmikið sem uppsprettusvæði- eða geegnumrennslissvæði fyrir neyslуватн.
- Þar sem grunnvatn frá svæðinu kemur fram í Elliðaárdal, gæti lífríki stafað hætta af mengun grunnvatnsins. Það þarf að meta betur, bæði hver og hversu mikil mengun sé líkleg og eins hitt, hvaða hámarksengun sé þar leyfileg.
- Vatn frá svæðinu gæti borist neðanjarðar en ofan samfellds grunnvatnsborðs til Elliðavatns og Elliðaárdal og valdið þar mengun.
- Ekki er hægt með öllu að útiloka mengunarhættu fyrir vatnsból Garðabæjar í Dýjakrókum frá byggð við Vatnsenda.

Í ljósi þessa sýnist svo, sem gera verði nánar grein fyrir eftirliti með grunnvatni á svæðinu, í samræmi við núverandi vatnsverndarskipulag. Einnig þarf að leggja viðunandi mat á mengunarhættu af grunnvatni frá svæðinu í Elliðaárdal og í Elliðavatni. Æskilegt er, að þetta mat, hvoru tveggja, fari fram áður en endanleg ákvörðun verður tekin um byggð aá svæðinu, þar eð auðveldara er að fyrirbyggja en bæta, hvað grunnvatnsengun varðar.

Reykjavík, 24. ágúst, 1992

  
Freysteinn Sigurðsson  
jarðfræðingur á Orkustofnun.